


Árið 2001

FLUGTÖLUR


Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

FLUGFLOTI



Í árslok 2001 voru 360 loftför skráð á Íslandi á móti 348 árið áður og er það aukning um 3,4%. Á árinu fjölgaði þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) um 10, léttum flugvélum (undir 5.700 kg) fjölgaði um 3 og svifflugum fækkaði um 1. Þyrllufjöldi var óbreyttur. Síðastliðin áratug hefur loftförum fjölgað um 1,2% að meðaltali á ári en um 1,8% á ári undanfarin 5 ár.


SKÍRTEINI EINSTAKLINGA*



Gild skírteini einstaklinga í árslok voru 2.064 en það er um 0,5% aukning frá árinu áður. Fjölmennustu hópar skírteinishafa í lok ársins voru: atvinnuflugmenn 647, einkaflugmenn 597, flugvéltæknar 297, flugnemar 120, flugumferðarstjórar 101, flugumsjónarmenn 44, flugvélstjórar 38 og svifflugmenn 40. Á árinu fjölgaði flugumferðarstjórum um 7,4%, flugvéltæknum um 5,3%, atvinnuflugmönnum um 5% og svifflugmönnum um 5,3%. Hins vegar fækkaði einkaflugmönnum um 3,5%, flugnemum um 8,4% og flugvélstjórum um 7,3%. Síðastliðin áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi fjölgað um 3,9%, að meðaltali á ári. Meðaltalsfjölgun undanfarin fimm ár er 3,7% á ári.



* Blindflugs- og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum.

ÚTHAFSFLUGUMFERÐ





Árið 2001 fóru 87.337 flugvélar um íslenska flugstjórmasvæðið og er það 5,8% fækkun miðað við árið áður, en þá voru þær 92.685. Umferðin á árinu skiptist þannig: atvinnuflug var 88%, herflug 6% og til mannaflugs taldist 6% og er það sama hlutfallsskipting og árið áður. Síðastliðin áratug hefur úthafsflugumferð aukist um 3,2% að meðaltali á ári, en 4,3% á ári sl. fimm ár.

FARÞEGAR INNANLANDS




Árið 2001 fóru 352.511 innanlandsfarþegar um íslenska áætlanarflugvelli sem er 20,9% samdráttur frá árinu áður, en þá voru þeir 445.498. Farþegum fækkaði á öllum stærstu flugvöllum landsins nema á Bakkaflugvelli, en þar fjölgaði þeim um 10%. Farþegum fækkaði mest á Homafirði eða um 35%, um 32% í Vestmannaeyjum, 22% á Ísafirði, 21% í Reykjavík, 20% á Sauðárkróki, 16% á Egilsstöðum, 15% á Akureyri og 51% á öðrum flugvöllum landsins. Síðastliðin áratug hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað að meðaltali um 0,6% á ári en fækkaði um 0,9% á ári síðastliðin fimm ár.

FARÞEGAR MILLI LANDA




Alls fóru 1.387.245 millilandaþegar um íslenska áætlanarflugvelli árið 2001 sem er 6,5% fækkun miðað við árið áður. Millilandaþegum fjölgaði um 1% í Reykjavík, fækkaði um 6,5% í Keflavík, um 73% á Egilsstöðum, og 8,7% á Akureyri. Síðastliðin áratug hefur millilandaþegum fjölgað um 6,6% að meðaltali á ári, en 6% á ári síðastliðin 5 ár.

VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Árið 2001 voru flutt 1.311 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi, sem er samdráttur um 26,6% eða 271 tonn miðað við árið áður. Á árinu voru flutt 1.234 tonn af vörum sem er 22,3% eða 208 tonnum minna en árið áður. Alls voru flutt 77 tonn af pósti sem er um 61,4% samdráttur eða sem nemur 63 tonnum. Flutningur á vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 10,2% á ári sl. áratug og um 8,8% á ári sl. fimm ár.

VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA



Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi um íslenska áætlanarflugvelli jukust um 6,5% árið 2001 og námu samtals 43.153 tonnum. Það er um 2.600 tonnum meira en árið áður. Á árinu voru flutt 41.387 tonn af vörum og 1.766 tonn af pósti. Vöruflutningar jukust um 7,4%, eða um tæplega 2.900 tonn, en póstflutningar minnkuðu um 10,8%. Síðastliðin áratug hefur heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflugi aukist um 12,3% að meðaltali á ári og um 12,7% að meðaltali á ári sl. fimm ár.

FLUGHREYFINGAR INNANLANDS**



Árið 2001 voru flughreyfingar (flugtök og landingar) 200.839 á íslenskum áætlunarflugvöllum, þar af voru 174.939 í innanlandsflugi og 25.900 í millilandaflugi. Samdráttur var 9,6% miðað við árið áður. Í innanlandsflugi fækkaði flughreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 12,5% en þær voru 46.037, snertulendingar (æfingalendingar) voru 85.551 sem er 8,2% samdráttur og aðrar hreyfingar voru um 43.351 eða 9% færri en árið áður.

** Snertulendingar eru tvítaldar.

Árið 2001

FLUGTÖLUR

Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

ÍSLENSK LOFTFÖR Á SKRÁ 1992-2001

Ár	Þungar flugvélar	Léttar flugvélar	Svifflugur	Þyrlur	Samtals	Breyting frá fyrra ári
1992	19	271	24	5	319	-0,3%
1993	24	264	26	5	319	0,0%
1994	22	257	29	5	313	-1,9%
1995	30	259	29	6	324	3,5%
1996	35	259	31	5	330	1,9%
1997	41	255	31	5	332	0,6%
1998	45	254	32	5	336	1,2%
1999	46	259	33	5	343	2,1%
2000	50	260	33	5	348	1,5%
2001	60	263	32	5	360	3,4%

SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 1992-2001*

Ár	Útgefin	Endurnýjuð	Fjöldi skírteina	Breyting frá fyrra ári
1992	196	472	1.543	7,5%
1993	227	137	1.685	9,2%
1994	221	115	1.600	-5,0%
1995	228	234	1.634	2,1%
1996	324	349	1.738	6,4%
1997	416	382	1.843	6,0%
1998	702	174	2.102	14,1%
1999	594	154	2.208	5,0%
2000	461	238	2.054	-7,0%
2001	426	329	2.064	0,5%

* Blíndflugs-og kennaraárkanir eru ekki taldar með skírteinum.

SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 2001

Tegund skírteinis	Útgefin	Endurnýjuð	Í gildi	Breyting 01/00	Hlutdeild
Atvinnuflygmennt / flugvél	40	40	336	3,1%	16,3%
Atvinnuflygmennt / þyrla	0	1	11	-21,4%	0,5%
Atvinnuflygmennt í fl. / flugvél	20	43	293	7,7%	14,2%
Atvinnuflygmennt í fl. / þyrla	2	1	7	40,0%	0,3%
Einkaflygmennt / flugvél	68	136	590	-3,1%	28,6%
Einkaflygmennt / þyrla	1	1	7	-22,2%	0,3%
Flugsmar	72	6	120	-8,4%	5,8%
Flugsmar áarstjórar	7	29	101	7,4%	5,0%
Flugsmjónarmenn	8	0	44	12,8%	2,1%
Flugvélstjórar	0	4	38	-7,3%	1,8%
Flugvéltæknar	25	54	297	5,3%	14,4%
Fullgildingar	180	0	180	-7,2%	8,7%
Svifflugmennt	3	14	40	5,3%	1,9%
Alls	426	329	2.064	0,5%	100,0%

UMFERÐ UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ 1992-2001

Ár	Tilfrá Íslandi	Yfirflug	Fjöldi ferða	Breyting
1992	-	-	63.102	-2,4%
1993	18.142	46.813	64.955	2,9%
1994	18.706	49.973	68.679	5,7%
1995	20.940	45.352	66.292	-3,5%
1996	22.382	49.249	71.631	8,1%
1997	23.162	50.193	73.355	2,4%
1998	25.282	58.013	83.295	13,6%
1999	26.028	58.977	85.005	2,1%
2000	26.910	65.775	92.685	9,0%
2001	25.378	61.959	87.337	-5,8%

SKIPTING UM FERÐAR UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ 1996-2001

Ár	Atvinnuflug	Almannaflug	Herflug	Samtals	Hlutfall herflugs	Hlutfall atvinnuflugs	Hlutfall almannaflugs
1996	58.824	5.191	7.616	71.631	10,6%	82,1%	7,2%
1997	61.343	5.671	6.341	73.355	8,6%	83,6%	7,8%
1998	70.913	5.787	6.595	83.295	7,9%	85,1%	6,9%
1999	73.475	5.282	6.248	85.005	7,4%	86,4%	6,2%
2000	81.666	5.703	5.316	92.685	5,7%	88,1%	6,2%
2001	76.538	5.528	5.271	87.337	6,0%	87,6%	6,3%

INNANLANDSFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2001**

Flugvöllur	Farþegafjöldi	Breyting 01/00	Hlutdeild
Reykjavík	327.123	-21,3%	46,4%
Akureyri	160.134	-15,6%	22,7%
Egilsstaðir	60.924	-16,6%	8,6%
Vestmannaeyjar	57.112	-32,1%	8,1%
Ísaförður	40.291	-22,6%	5,7%
Bakkí	19.231	10,3%	2,7%
Hornafjörður	12.417	-35,8%	1,8%
Sauðárkrökur	10.758	-20,1%	1,5%
Aðrir flugvellar	17.032	-51,5%	2,4%
Alls	705.022	-20,9%	100,0%

** Heildarfjöldi farþega sem um flugvöllinn fara, þ.e. bæði komu- og brottfararfarþegar.

MILLILANDAFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2001

Flugvöllur	Brottfarar-/komufarb.	Áningar-/skiptifarþegar	Samtals	Breyting 01/00	Hlutdeild
Keflavík	1.029.023	331.582	1.360.605	-6,5%	98,1%
Reykjavík	25.207	0	25.207	0,8%	1,8%
Akureyri	1.161	0	1.161	-8,7%	0,1%
Egilsstaðir	272	0	272	-73,1%	0,0%
Alls	1.055.663	331.582	1.387.245	-6,5%	100,0%

VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR INNANLANDS UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2001***

Flugvöllur	Vörur/Tonn	Póstur/Tonn	Samtals/Tonn	Breyting 01/00	Hlutdeild
Reykjavík	1.089,5	17,0	1.106,5	-18,6%	42,2%
Akureyri	616,3	18,7	635,0	-8,4%	24,2%
Egilsstaðir	180,8	5,5	186,2	-26,4%	7,1%
Ísaförður	154,8	0,0	154,8	-26,4%	5,9%
Vestmannaeyjar	136,3	19,4	155,7	-22,7%	5,9%
Bíðudalur	63,5	72,8	136,3	-3,7%	5,2%
Vopnafjörður	81,4	18,0	99,4	-7,0%	3,8%
Hornafjörður	53,5	0,0	53,5	-26,1%	2,0%
Aðrir flugvellar	92,7	1,8	94,5	-24,4%	3,6%
Alls	2.468,9	153,2	2.622,1	-17,1%	100,0%

*** Heildarflutningar um hvern flugvöll.

VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR MILLI LANDA UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2001

Flugvöllur	Vörur/Tonn	Póstur/Tonn	Samtals/Tonn	Breyting 01/00	Hlutdeild
Keflavík	41.207,9	1.751,0	42.958,9	6,5%	99,6%
Reykjavík	179,2	1,4	180,6	13,0%	0,4%
Alls	41.387,1	1.752,4	43.139,5	6,5%	100,0%

FLUGHREYFINGAR INNANLANDS Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2001

Flugvöllur	Áætlunar-/leiguflyg	Annað flyg	Snertilendingar	Samtals	Breyting 01/00	Hlutdeild
Reykjavík	14.784	2.645	38.754	79.988	-14,2%	45,7%
Akureyri	6.883	3.362	7.310	17.555	-26,6%	10,0%
Vestmannaeyjar	9.830	2.049	326	12.205	-4,6%	7,0%
Bakkí	6.988	430	26	7.444	-8,4%	4,3%
Egilsstaðir	2.173	706	438	3.317	-36,4%	1,9%
Ísaförður	1.642	774	52	2.468	-20,5%	1,4%
Hornafjörður	1.158	358	80	1.596	-60,6%	0,9%
Sauðárkrökur	1.074	400	102	1.576	-10,2%	0,9%
Keflavík	133	6.380	38.185	44.698	-12,6%	25,6%
Aðrir flugvellar	3.436	378	278	4.092	-60,4%	2,3%
Alls	48.101	41.287	85.551	174.939	-9,6%	100,0%

FLUGHREYFINGAR MILLI LANDA Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2001

Flugvöllur	Áætlunar-/leiguflyg	Annað flyg	Samtals	Breyting 01/00	Hlutdeild
Keflavík	16.353	6.055	22.408	-4,3%	86,5%
Reykjavík	1.274	2.064	3.338	-12,1%	12,9%
Akureyri	125	0	125	-11,3%	0,5%
Egilsstaðir	29	0	29	-19,4%	0,1%
Alls	17.781	8.119	25.900	-5,5%	100,0%